



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 57/2014

Ákvörðun um stjórnvaldssekt vegna Tax Free auglýsinga A4

I.

Málsmeðferð

1.

Með bréfi Neytendastofu til A4 Skrifstofa og skóli ehf., dags. 9. október 2014, var félaginu greint frá því að stofnuninni hafði borist ábending vegna auglýsingar Egilsson ehf., rekstraraðila A4, í Fréttablaðinu þann 25. september 2014. Snéri ábendingin að því að neytendur töldu sig eiga að fá 25,5% afslátt en í raun hafi afslátturinn verið 20,32% í samræmi við það þegar virðisaukaskattur er reiknaður af vörum. Í auglýsingunni var ekki tekið fram hversu háan prósentuafslátt væri um að ræða þó tekið væri fram að ríkissjóður fengi sinn virðisaukaskatt (20,32%).

Í bréfinu var tekið fram að til álita kæmu ákvæði 5. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, þar sem lagt sé almennt bann við óréttmætum viðskiptaháttum, og ákvæði 2. mgr. 6. gr. þar sem fjallað sé um að auglýsingar og aðrar viðskiptaaðferðir skuli ekki vera ósanngjarnar gagnvart neytendum vegna forms þeirra eða sökum þess að skírskotað sé til óviðkomandi mála. Neytendastofa taldi einnig að til álita gætu komið ákvæði 8. gr. laganna, þar sem fram kemur að viðskiptahættir séu óréttmætir, og þar með bannaðir, ef þeir raska eða séu líklegir til að raska verulega fjárhagslegri hegðun neytenda. Einnig var vísað til ákvæðis d. liðar 1. mgr. 9. gr., þar sem um það er fjallað að viðskiptahættir séu villandi ef þeir eru líklegir til að blekkja neytendur með því að veita þeim rangar upplýsingar um verð vöru eða þjónustu, aðferð við útreikning á verði og hvort um sértílbod sé að ræða. Þá var vísað til 2. mgr. 9. gr. þar sem fram kemur að viðskiptahættir séu einnig villandi ef neytendum eru ekki veittar upplýsingar sem telja meggi að almennt skipti þá máli við ákvörðun um að eiga viðskipti.

Að lokum taldi Neytendastofa að til álita kæmi ákvæði 2. másl. 4. gr. reglna nr. 366/2008, um útsölur og aðra sölu þar sem selt er á lækkuðu verði. Þar kemur fram að taka skuli fram hvert prósentuhlutfall verðlækkunar sé og skal tilgreina skýrt fyrra verð.



2.

Svar A4 barst með bréfi, dags. 13. október 2014. Í bréfinu kemur fram að ljóst sé að sú auglýsing sem birst hafi í Fréttablaðinu og vísað sé til, sem og ein önnur auglýsing sem birst hafi þann 11. október 2014, hafi fyrir mistök verið birtar í því formi sem vísað sé til.

A4 harmi þessi mistök. Félaginu sé kunnugt um að upplýsa þurfi neytendur um raunverulega afsláttarprósentu þegar auglýst sé með þessum hætti. Því miður hafi texti auglýsingarinnar ekki verið réttur og vísað hafi verið til þess að A4 skilaði 20,32% virðisaukaskatti til ríkissjóðs. Í þennan texta hafi vantað hver raunverulegur afsláttur til neytenda sé.

A4 muni að sjálfsgöðu ekki auglýsa með þessum hætti. Ítrekað sé að félagið harmi þessi mistök og velvirðingar sé beðist þar á. Vonist félagið til þess að mistök af þessu tagi endurtaki sig ekki.

3.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 27. nóvember 2014, greindi stofnunin frá því að með ákvörðun hennar, dags. 10. janúar 2013, hafi stofnunin komist að þeirri niðurstöðu að A4 hefði brotið gegn ákvæðum 5. gr., 2. mgr. 6. gr., 8. gr. og d. liðar 1. mgr. 9. gr. laga nr. 57/2005, auk ákvæðis 4. gr. reglna nr. 366/2008. Hafi sú ákvörðun varðað auglýsingar A4 um Tax Free afslátt án þess að prósentuhlutfall afsláttar hafi verið tilgreint. Niðurstaða Neytendastofu hafi verið sú að banna A4 að viðhafa viðskiptahættina og hafi sú ákvörðun ekki verið kærð til áfrýjunarnefndar neytendamála.

Neytendastofa teldi að auglýsing A4 frá 25. september 2014 væri til þess fallin að brjóta gegn ákvörðun stofnunarinnar frá 10. janúar 2013. Í ljósi þess að ekki væri um fyrsta brot að ræða teldi Neytendastofa koma til álita að leggja stjórnvaldssekt á félagið, í samræmi við ákvæði IX. kafla laga nr. 57/2005. Var A4 gefinn kostur á að koma að skýringum eða athugasemdum áður en tekin yrði ákvörðun um sektir.

4.

Þann 1. desember 2014 barst Neytendastofu tölvubréf A4 þar sem fram kom að ítrekað sé að mistök hafi orðið við gerð auglýsingarinnar. A4 hafi verið og sé meðvitað um hvernig auglýsingar af þessu tagi þurfi að vera settar fram. A4 harmi að þessi mistök hafi átt sér stað en það hafi einfaldlega vantað texta inn í auglýsingarnar þess efnis hver raunverulegur afsláttur sé en tekið hafi verið fram að A4 skilaði virðisaukaskatti til ríkissjóðs.

Í ljósi þess að um mistök hafi verið að ræða telji A4 ekki forsendur til að leggja stjórnvaldssekt á félagið. Tilgangur sekta og refsinga í máli þessu hafi ekki varnaðargildi þar sem enginn ásetningur hafi verið til staðar að birta auglýsingar sem ekki samræmist lögum og fyrri ákvörðunum Neytendastofu. Enn á ný taki A4 fram að félagið harmi þessi mistök og biðjist velvirðingar á þeim.



II.

Niðurstaða

1.

Í máli þessu kemur til álita hvort A4 hafi brotið gegn ákvörðun Neytendastofu frá 10. janúar 2013 með auglýsingum í fjölmiðlum um Tax Free af öllum vörum dagana 25.-28. september 2014 án þess að fram kæmi afsláttarprósenta. Þá kemur til álita hvort lögð skuli stjórnvaldssekt á félagið. Af hálfu A4 er því haldið fram að auglýsingarnar hafi verið birtar fyrir mistök og A4 harmi þau mistök. Félaginu sé kunnugt um þær reglur sem gildi við birtingu slíkra auglýsinga en texti auglýsinganna hafi ekki verið réttur og í hann hafi vantað hver raunverulegur afsláttur til neytenda er. A4 muni ekki auglýsa með þessum hætti aftur. Í ljósi þess að um mistök hafi verið að ræða og að félagið þekki þær reglur sem gildi um birtingu slíkra auglýsinga telji A4 ekki forsendur til beitingar stjórnvaldssekta. Tilgangur sekta og refsinga hafi ekki varnaðargildi í þessu máli þar sem enginn ásetningur hafi verið til staðar að birta auglýsingar sem ekki samræmist lögum og fyrri ákvörðunum Neytendastofu.

Í niðurstöðum ákvörðunar Neytendastofu frá 10. janúar 2013 kom eftirfarandi fram:

„Í 4. gr. reglna nr. 366/2008 er lögð skýr skylda á seljendur til að tilgreina prósentuhlutfall afsláttar auk fyrra verðs þegar veittur er prósentuafsláttur af verði vöru. Því telur Neytendastofa nauðsynlegt að þess sé getið bæði á sölustað sem og í auglýsingum fyrir Tax Free að prósentuafslátturinn nemi 20,32%. Stofnunin telur í því sambandi ekki fullnægjandi að vísa til þess að um sé að ræða afslátt sem samsvari virðisaukaskatti. Að mati Neytendastofu er framsetning auglýsinganna ósanngjörn gagnvart neytendum, sbr. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 57/2005, þar sem ekki kom fram með nægilega skýrum hætti hver prósentuafslátturinn er, þó þess sé vissulega getið að virðisaukaskattur sé afnuminn. Af sömu ástæðu telur stofnunin auglýsingarnar einnig fela í sér villandi upplýsingar um verð og þann afslátt sem veittur er, sbr. d. liður 1. mgr. 9. gr. laganna og þar með einnig 5. og 8. gr. sömu laga enda til þess fallin að hafa áhrif á fjárhagslega hegðun neytenda. Með vísan til þessa, sem og ákvæðis 2. mgr. 21. gr. b. laga nr. 57/2005 er A4 bannað að kynna Tax Free afslátt án þess að prósentuhlutfall afsláttarins sé jafnframt tilgreint.“

Taldi stofnunin auglýsingar og kynningu A4 á Tax Free brjóta gegn ákvæðum 5. gr., 2. mgr. 6. gr., 8. gr. og d. lið 1. mgr. 9. gr. laga nr. 57/2005 auk 4. gr. regla nr. 366/2008. Neytendastofa hefur því þegar tekið afstöðu til þess að A4 skuli ávallt tilgreina afsláttarprósentu samhliða upplýsingum um Tax Free.. Þá skal þess getið, líkt og fram kemur að ofan, að A4 var bannað sérstaklega að kynna „Tax Free“ afslátt án þess að prósentuhlutfall afsláttarins væri jafnframt tilgreint. Af þeim sökum hvílir á A4 aðgæsluskylda þegar birtar eru auglýsingar til kynningar á afslætti í formi Tax Free. Mistök af hálfu félagsins geta af þeim sökum ekki komið í veg fyrir beitingu stjórnvaldsúrræða af hálfu Neytendastofu eins og málum er hér háttað.



Neytendastofa telur ótvírætt að A4 hafi brotið gegn ákvörðun stofnunarinnar frá 10. janúar 2013, enda hefur því ekki verið mótmælt sérstaklega af hálfu félagsins.

2.

Í b. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005 segir að Neytendastofa geti lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóti gegn stjórnvaldsreglum og ákvörðunum Neytendastofu.

Þar sem A4 brotið gegn ákvörðun stofnunarinnar frá 10. janúar 2013 með auglýsingum í fjölmiðum um Tax Free afslátt án þess að tilgreina afsláttarprósentu telur Neytendastofa nauðsynlegt, vegna hins ítrekaða brots að nýta heimild til álagningu stjórnvaldssektar.

Við mat á sektarfjárhæð skal litið til þess að stofnunin hefur lagt áherslu á að upplýsingar um afsláttarprósentu komi fram í öllum auglýsingum og öllu kynningarefni A4, bæði í fjölmiðlum og á sölustöðum. Þrátt fyrir það hefur A4 brotið gegn ákvörðun Neytendastofu. Hins vegar verður jafnframt að líta til þess að A4 gekkst greiðlega við mistökum og hefur sýnt stofnuninni samstarfsvilja auk þess sem nýverið hafa birst auglýsingar frá A4 þar sem allar upplýsingar koma fram.

Að teknu tilliti til ofangreinds, stjórnvaldssekta í öðrum málum stofnunarinnar, sem og meðalhófsreglu stjórnsýslulaga telur Neytendastofa hæfilegt að leggja stjórnvaldssekt á Egilsson að fjárhæð 50.000 kr. (fimmtíuþúsundkrónur).

III.

Ákvörðunarorð:

„Egilsson ehf, Köllunarklettsvegi 10, 104 Reykjavík, hefur með birtingu auglýsinga um Tax Free afslátt án þess að fram komi afsláttarprósenta, brotið gegn ákvörðun Neytendastofu frá 10. janúar 2013.

Með heimild í b. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, leggur Neytendastofa stjórnvaldssekt á Egilsson ehf. að fjárhæð 50.000 kr. (fimmtíuþúsundkrónur).

Sektina skal greiða í ríkissjóð innan þriggja mánaða frá dagsetningu ákvörðunarinnar.“

Neytendastofa, 18. desember 2014

Tryggvi Axelsson
forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir